

Ávarp á ársþingi SSNV – talað orð gildir.

Þingforseti -ágætu félagar

Ég vil í upphafi byrja á að flytja ykkur kveðju þingmanna NV kjördæmis.

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með fundi ykkar hér í dag og sjá kröftugt starf ykkar. Fyrir þingmenn kjördæmisins er þátttaka á fundum ykkar og fylgjast með umræðum – afar verðmæt.

Í ávarpi til fundar ykkar í haust – á óvenjulegum tíma - ræddi ég talsvert um áskoranir sem við fengum óvænt í fangið. Við höfum lifað sannarlega áhugaverða tíma – tíma og breytingar sem munu fylgja okkur lengi.

Ég ræddi þá horfur í efnahagsmálum – sem þá voru horfur dökkar. Í fyrravor var hagvaxtarspá um 10,4% samdrátt á vergri landsframleiðslu. Strax þá greip Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur til fyrstu fjárukalaga ársins – alls urðu þau fjárukalögin 5 á síðasta ári. En tilgangur þeirra og hlutverk var að bregðast við þessari óvæntu kreppu. Fyrstu fjárukalögin innihéldu öflugt og sterkt viðbragð með fjárfestingaráætlun. Fjármunir til fjárfestinga og viðhalds voru lykll að efnahagsaðgerðum til að vinna gegn samdrætti. Fjárfestingin var ekki síst á vettvangi nýsköpunar og rannsókna. Átaks í samgöngumálum og viðhalds á fasteignum.

Þó ég reki ekki efnahagsaðgerðir hér með ítarlega – vil ég aðeins segja að viðbragðið heppnaðist framar vonum og kröftugt viðbragð náði að vinna gegn samdrætti. Niðurstaða ársins var að samdráttur varð mun minni – eða rétt um 6%. Við sannarlega höfðum sterkara og öflugra efnahagslíf en við vorum með réttar áherslur. Það staðfestir nýleg skýrsla AGS – sem vakti sérstaklega athygli á árangri Íslands og þó fyrstu tölur í skýrslunni hafi ekki verið réttar – hafa þær nú verið leiðréttar. Við höfum í okkar fjárlögum innbyggða sterka sveiflujafnara sem hafa sannað gildi sitt. Sveiflujafnarar grípa óvæntar breytingar og vinna gegn þeim áföllum sem á okkur hafa dunið.

Ég vil hér nefna, að fjölmargar aðgerðir stjórnvalda – um 30 lagabreytingar á skattkerfi, og ýmsum lögum. Verulegir fjármunir hafa og verið lagðir til ýmissa mótvægisáðgerða. Samspil peningastefnu Seðlabanka Íslands og beiting ríkisfjármála hafa spilað vel saman. Því er samt ekki að leyna að við erum að tefla fjárhag ríkissjóðs gegn kreppu og erum að tefla djarft. Það var hægt vegna sterkrar stöðu ríkissjóðs. Fjármálaáætlun sem við ræðum nú á alþingi endurspeglar vel þá stöðu. Þar er stefnt að stöðvun á skuldasöfnun. Við skulum ekki loka augum fyrir því að næstu mánuðir munu verða afdrifaríkir um þróun mála. Ég vil samt nefna að vegna viðbragða okkar dróst landsframleiðslan ekki jafn mikið saman og óttast var – við stöndum enn ágætlega. En fyrir okkur öll skiptir viðspyrna næstu missera öllu máli. Við væntum öflugar viðspyrnu og sterkum bata. Það gerist ekki bara með því að veðja á endurreisn ferðaþjónustu – heldur og að halda vel utan vöxt og viðgang annara atvinnugreina og hvernig við beitum markvisst opinberum fjármálum.

Sveitafélög eru annar angi opinberra fjármála. Þau hafa ekki farið varhluta af samdrætti og útgjöldum vegna covid ástandsins. Því skiptir máli að samstarf ríkis og sveitafélaga sé öflugt og sterkt. Samkomulag sem gert var í kjölfarið á breyttri fjármálastefnu er mikilvægt að gangi

eftir. Fjármálastefnan og beiting hennar er grundvallar hagstjórnartæki. Samspil fjármálastefnu um beitingu opinberra fjármála mun varða leiðina til endurreisnar.

Ein af áherslum Ríkisstjórnarinnar um fjárfestingu er á sviði stafrænnar tækni. Aukin fjárfesting í að koma starfsemi hins opinbera í stafrænt form. Það er ekki bara að við höfum undanfarið ár setið á endalausum fjarfundum og tekið framförum í notkun á slíkri tækni. Heldur er þróun á þjónustu hins opinbera með starfrænum lausnum einhver arðsmasta fjárfesting sem hægt er að ráðast í. Í alþjóðlegum samanburði er íslensk stjórnýsla ekki meðal þeirra allra fremstu um beitingu stafrænnar tækni. Fjöldmörg svið opinbers rekstrar eru enn á pappírsöld og bundin kontórum í dýru húsnæði. Við þekkjum öll þær miklu breytingar sem skatturinn hefur innleitt á undanförunum árum. Nú má helst nefna að áttak um rafrænar þinglýsingar er að taka á mynd – og það er aðeins byrjunin á stafrænni byltingu sem þarf að verða. Við erum ekki í vafa að stafræn umbreyting er helsta verkefni næstu missera. Þar verður og að vera gott samtal við sveitafélög að eiga sér stað. Annar meginkostur eflingar á stafrænni tækni – er að hún jafnar best – og er í raun grundvallarbreyting – á aðgengi landsmanna að stjórnýslunni og stjórnarráðinu.

Það mun stöðugt skipta minna máli hvar við búum á landinu – þegar horft er til aðgengi að hinu opinbera. En til að slíkt gangi upp þarf líka hugarfarsbreytingu okkar – en ekki síst að okkur auðnist að halda áfram eflingu á fjarskiptum.

Í því sambandi leyfi ég mér að nefna tvö atriði. Í fyrsta lagi mun samgönguráðherra nú á næstu dögum staðfesta lokaúthlutun á Íslands ljóstengt framlögum. Vinna við nýja fjarskiptaáætlun er í fullum gangi – ég tók ma þátt í fundi með ykkur og fjarskiptaráði í liðinni viku. Þar kom vel og skýrt fram mikilvægi þess að skapa aðstæður fyrir sókn í byggðakjörnum sem ekki hafa ljósleiðartengingu. En ekki síður að enn þarf að herða vinnu við að efla farsímakerfið. Annað atriðið sem ég vil nefna er útboð á tveimur þráðum Nato ljósleiðara til markaðsaðila – sem á að skapa samkeppni um stofntengingar. Það útboð – ef heppnast vel – getur losað um krafta til sóknar á byggingu kerfa í þéttbýlisstöðum – þar sem áhrifa hans gætir. Í dag um 50 byggðakjarnar með um 13 þúsund íbúa sem vantar fullnægjandi tengingar.

En góðir áheyrendur. Það er freistandi að taka þessa umræðu lengra á þessum vettvangi. Í upphafi þingsins hér í morgun nefndi formaður ykkar, mikilvægi þess að störf á vegum hins opinbera séu dreifð um landið. Undir það vil ég taka. En ég held að byltingin sem við stöndum andspænis séu miklu stærri og meiri en það. Eins og kannski hefur ekki farið framhjá ykkur mörgum er ég áhugamaður um bætt fjarskipti. Ég leyfi mér að nefna það hér, að í ég sótti alþjóðlega ráðstefnu í mars, á netinu að sjálfsögðu, um þá byltingu starfshátta sem þegar er komin á fulla ferð. Þar voru fluttir fyrirlestrar um þá hröðu þróun sem covid ástandið hleypti krafti í. Á ráðstefnunni var rætt um hvernig þarf að fylgja slíkri atvinnuhátta breytingu eftir. Þar þarf ekki síst að huga að starfskjörum fólks í beinu samhengi við breytt vinnubrögð. Hefðbundin vinnudagur sem við höfum þekkt svo lengi og er að brjóta form sitt. Fólk er meira að aðlaga vinnutíma sinn fjölskyldu og heimilislífi. Mögulega verða form kjara og ráðningasamninga að taka breytingum. En fyrst og fremst er þetta áskorun fyrir stjórnendur og starfsfólk. Stjórnendur þurfa að tileinka sér nýja starfhætti. En fyrst og síðast þarf að huga þar að mannlega þættinum.

Ég er ekki í vafa að þessi breyting – mun verða helsta sóknarfæri dreifðra byggða í Íslandi. Því er mikilvægt að vettvangur eins og SSNV láti sér þessa þróun varða. Lífið verður ekki aftur það sama eftir covid – við okkur blasa ný og spennandi viðfangsefni.

Ágætu fundarmenn – nú lýkur eftir nokkra mánuði kjörtímabili okkar alþingismanna. Það er við hæfi að þakka samstarf við sveitarstjórnarfólk á svæði SSNV. Það hefur verið gott og árangursríkt. Viðfangsefnin hafa verið mörg og sum stór. Uppúr stendur í mínum huga afleiðing og úrvinnsla eftir óveðrið í desember 2019.

Margt hefur áunnist – á samstarfsfundum okkar þingmanna og sveitarstjórnarmanna – sem mörgum finnst kannski árangurslausir fundir – höfum við rætt mörg hagsmunamál íbúa svæðisins. Þegar horft er til baka yfir kjörtímabilið sést samt að okkur hefur miðað vel á kjörtímabilinu. Ef ég leyfi mér að nefna nokkur mál:

Tvöföldun fjármagns til tengivega- auk flýtingar á framkvæmdum í samgöngumálum

Jöfnun kostnaðar á flutningi rafmagns – auk þess að unnið var að uppbroti á framkvæmdaálætlun á jarðstrengjavæðingu dreifikerfis og þrífösun rafmagns. Það vildi svo til að sú vinna var tilbúinn þegar óveðursnefndin hóf störf – og bættist okkur óvæntur liðsauki með óveðrinu.

Breytingar á jarðalögum – nú er að koma til loka afgreiðslu í þinginu breyting á lögum um veiðifélög – svokölluð minnihlutavernd í veiðifélögum – allt mál til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Endurskoðun á lagaumhverfi nýsköpunar er ný afgangur

Mörg önnur mál mætti að sjálfsögðu nefna – en læt staðar numið hér.

Þingmannahópur NV kjördæmis hefur átt gott og uppbyggileg samstarf sem við viljum fá að þakka. Við höfum sem hópur borið gæfu til að vinna vel saman – að hagsmunum kjördæmis okkar – ég er nú það gamaldags að halda því fram að kjördæmapot – eins og stundum er sagt – sé einmitt það sem við eigum að stunda.